

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 2/1989.

**Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja
vegna ÍSNO h/f**

(Jón R. Pálsson hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélags Vestmannaeyja**

(Arnmundur Backman hrl.).

Verkfall. Sektargreiðsla. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms fyrir í dag, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 6. þ.m.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja, Strandvegi 50, Vestmannaeyjum, vegna ÍSNO h/f, Sigtúni 7, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, Lindargötu 9, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, Miðstræti 11 í Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að verkfallsboðun sú, sem tilkynnt var ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum og Vinnuveitendasambandi Íslands af Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja þann 2. mars 1989, verði dæmd brot á lögum nr. 80/1938 og kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestmannaeyja við Vinnuveitendasamband Íslands frá 10. maí 1988 og aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að verkfall, er kann að verða komið til framkvæmda á grundvelli verkfallsboðunarinnar, þegar dómur Félagsdóms gengur, sé ólögmaett.
3. Að Verkalýðsfélag Vestmannaeyja verði dæmt til greiðslu sektar.
4. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu, úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að gildandi almennur kjarasamningur málsaðila frá 10.5. 1988 sé því ekki til fyrirstöðu, að stefndi Verkalýðsfélag Vestmannaeyja geti boðað verkfall félagsmanna sinna hjá ÍSNO h.f., Vestmannaeyjum, frá og með miðnætti aðfaranætur föstudagsins 10. mars 1989 til að knýja fram kjarasamning vegna vinnu við fiskeldi.
3. Að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í gildi sé kjarasamningur milli Verkakvinnafélagsins Snótar og Verkalýðsfélags Vestmannaeyja annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess og einstakra meðlima hins vegar.

Kjarasamningur þessi hafi verið undirritaður af vinnuveitendum hjá embætti ríkissáttasemjara þann 10. maí 1988 og síðan verið samþykktur á sameiginlegum fundi Verkakvinnafélagsins Snótar og Verkalýðsfélags Vestmannaeyja þann 11. maí 1988.

Í 1. grein kjarasamnings þessa sé kveðið á um gildistíma og sé hún svohljóðandi:

„Allir kjarasamningar ofangreindra aðila framlengjast til 10. apríl 1989 með þeim breytingum, sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.“

Þann 24. maí 1988 hafi Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnu-málasamband samvinnufélaganna gert svohljóðandi samkomulag við Verkamannasamband Íslands:

„Aðilar eru sammála um að samræma aðalkjarasamning Verkamannasambands Íslands frá 26. febrúar 1988 þeim breytingum, sem gerðar voru á Akureyri 25. mars, og gefa samninginn út í heild með þeim breytingum.“

Ástæða þessa samkomulags hafi verið sú, að kjarasamningur Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 26. febrúar 1988 hafi verið felldur í öllum stéttarfélögum innan sambandsins nema fimm. Flestöll stéttarfélögin, sem felldu samning Verkamannasambands Íslands frá 26. febrúar, að undanskildum verkalýðsfélögunum í Vestmannaeyjum hafi síðan gert kjarasamninga við Vinnuveitendasamband Íslands á Akureyri þann 25. mars 1988.

Kjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verka-
kvennafélags Snótar og Verkalýðsfélags Vestmannaeyja hafi, eins
og fyrr greinir, ekki tekist fyrr en 11. maí 1988.

Hafi þá loks verið lokið samningagerð við öll stéttarfélög innan
Verkamannasambands Íslands. Sérstakt samkomulag hafi því verið
gert þann 24. maí 1988 um að samræma aðalkjarasamning Verka-
mannasambands Íslands frá 26. febrúar 1988 þeim breytingum, sem
gerðar voru með Akureyrarsamningunum, og um útgáfu kjara-
samningsins í heild.

Í grein 23.2. í aðalkjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands
sé svohljóðandi ákvæði:

„Samningurinn gildir til 10. apríl 1989 og fellur þá úr gildi án
sérstakrar uppsagnar.

Samningur þessi var gerður á Akureyri 25. mars 1988 og varð
að aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands með sam-
komulagi 24. maí 1988.“

Stefnandi tjáir réttinum, að þann 5. janúar 1989 hafi félagsmanni
þess, ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum, borist bréf frá Verkalýðsfélagi
Vestmannaeyja, þar sem óskað hafi verið eftir samningaviðræðum
vegna félagsmanna þess í starfi hjá ÍSNO.

Stefnandi hafi ákveðið að verða við þessari beiðni. Það hafi lengi
haft áhuga á því að taka upp í aðalkjarasamning sinn við Verka-
mannasamband Íslands sérstök ákvæði um vinnutíma, vaktir o.fl.
vegna verkamanna, sem starfi við laxeldis- og hafbeitarstöðvar.
Sérstök ákvæði um þessi störf séu ekki í samningi þess við Verka-
mannasamband Íslands, og því gildi almenn ákvæði kjarasamnings
aðila um vinnutíma og önnur kjör verkamanna við laxeldis- og
hafbeitarstöðvar. Þessi almennu ákvæði kjarasamningsins henti
ekki því vinnufyrirkomulagi, sem tíðkist í fiskeldi. Þetta leiði til
meiri kostnaðar fyrir vinnuveitendur en þörf ætti að vera á, ef sér-
ákvæði væru um þessi störf í kjarasamningi aðila, eins og t.d. eru
um byggingarverkamenn og tækjamenn, en um störf þeirra eru
sérstakir kaflar í aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands.

Vinnuveitendasamband Íslands hafi því fallist á viðræður við
Verkalýðsfélag Vestmannaeyja um breytingar á kjarasamningi
aðila. Markmið þessara viðræðna af hálfu VSÍ hafi þannig öðrum
þræði verið að leggja grunn að viðtækara samkomulagi við Verka-
mannasamband Íslands í heild.

Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnuveitendafélag Vestmannaeyja hafi því átt formlegar og óformlegar viðræður við Verkalýðsfélag Vestmannaeyja um breytingar á kjarasamningi aðila í febrúar 1989.

Viðræður þessar hafi ekki skilað neinum árangri og hafi þeim því verið hætt.

Stefnandi kveður sér síðan hafa borist eftirfarandi símskeyti, undirritað af Jóni Kjartanssyni, form. Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, þann 2. mars 1989:

„Þar sem ítrekaðar tilraunir til að gera kjarasamninga við ÍSNO h/f Vestmannaeyjum hafa engan árangur borið, ákvað trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Vestmannaeyja að boða til vinnustöðvunar á öll störf verkamanna hjá fyrirtækinu frá og með miðnætti aðfaranótt föstudagsins 10. mars 1989.“

Stefnandi hafi samdægurs með telefaxbréfi til Verkalýðsfélags Vestmannaeyja mótmælt verkfallsboðun þessari sem ólögmætri, enda væru samningar aðila bundnir til 10. apríl 1989. Stefnandi hafi einnig skorað á félagið að aflýsa boðaðri vinnustöðvun þegar í stað, ella áskyldi Vinnuveitendasambandið fyrirtækinu allan rétt vegna þessarar ólögmætu verkfallsboðunar, þar á meðal til skaðabóta.

Engin svör hafa borist frá Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja og sé Vinnuveitendasamband Íslands því til knúid að hefja málsókn á hendur félaginu.

Málsástæður og lagarök.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. 1. nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir hann kröfugerð sína á því, að verkfallsboðun Verkalýðsfélags Vestmannaeyja sé brot á II. kafla laga nr. 80/1938 og fari í bága við ákvæði kjarasamnings aðila og sé andstæð eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði og sé því ólögmæt.

Með kjarasamningi aðila frá 10. maí 1988 hafi verið bundinn endi á deilu aðila og hvíli friðarskylda á aðilum á gildistíma hans, sem sé til 10. apríl 1989. Vinnustöðvanir, þ.m.t. takmarkaðar vinnustöðvanir, séu því óheimilar og löglausar á gildistíma kjarasamnings aðila.

ÍSNO h/f sé aðili í Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Vestmannaeyja. Kjarasamningur Vinnuveitendasambands Íslands og Verkalýðsfélags Vestmannaeyja frá 10. maí 1988

taki til allra félagsmanna Vinnuveitendasambandsins í Vestmannaeyjum, enda hafi þar enginn aðili verið sérstaklega undanskilinn. Kjarasamningur aðila og aðalkjarasamningur Verkamannasambands Íslands taki til allra verkamannastarfa, nema sérstakar undantekningar eða sérkjarasamningur hafi verið gerður um þau störf.

Enginn sérstakur kjarasamningur hafi verið gerður um störf hjá laxeldis- og hafbeitarfyrirtækjum. ÍSNO h/f Vestmannaeyjum sé ekki aðili að neinum öðrum kjarasamningi en þeim, sem Vinnuveitendasambandið gerði f.h. félagsmanna sinna þ. 10. maí 1988.

Í aðalkjarasamningi aðila sé svohljóðandi ákvæði í grein 1.14: „Komi á samningstímanum til nýjar starfsgreinar, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi samningi eða ekki eiga sér greinilega hliðstæðu í gildandi kaupþöxtum, skulu teknar upp samningaviðræður um kaup og kjör verkamanna í starfsgreininni.“

Samningsgrein þessi geti eingöngu veitt samningsaðilum rétt til viðræðna en ekki rétt til uppsagnar á kjarasamningi.

ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum hafi hafið starfsemi á félagssvæði Verkalýðsfélags Vestmannaeyja haustið 1986. Fyrirtækið hafi verið með starfsemi í Vestmannaeyjum, þegar síðasti kjarasamningur aðila hafi verið gerður. Starfsemi ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum hafi því ekki verið ný starfsemi eða komið fyrst upp á samningstíma kjarasamnings aðila skv. gr. 1.14. Engar kröfur hafi borist stefnanda eða ÍSNO h/f sérstaklega við þá samningsgerð.

Samkvæmt 17. gr. 1. nr. 80/1938 sé sérstaklega tekið fram, að óheimilt sé að hefja vinnustöðvun, ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um. Í 2. tölulíð 44. gr. 1. nr. 80/1938 segir að það sé verkefni Félagsdóms að dæma í málum, sem rísa út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Í máli þessu sé deilt um skilning á kjarasamningi aðila og um gildi hans gagnvart einu féлага stefnanda. Stefnda hafi því borið skylda til og átt rétt á að fá úr ágreiningi aðila skorið fyrir Félagsdómi. Þann rétt hafi stefndi ekki nýtt sér, heldur boðað ólögmetta vinnustöðvun. Fyrir þá háttsemi beri að dæma stefnda til greiðslu sektar samkvæmt 70. gr., sbr. 65. gr. 1. 80/1938.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi einnig til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og bráðabirgðalaga nr. 14/1988, brbl. nr. 74/1988 og brbl. nr. 83/1988.

Stefndi kveður málavexti þá, að í samningaviðræðum þeim, sem fram hafi farið á Akureyri í mars 1988, hafi viðkomandi verkalyðsfélög samþykkt sín á milli, að reynt yrði að gera samninga við VSÍ um vinnu við fiskeldisstöðvar, og hafi bókun verið gerð 25. mars um þetta, þar sem fram komi, að engir kjarasamningar séu í gildi um þessi störf. Talsmenn stefnanda VSÍ í þeim samningaviðræðum hafi fengið að sjá þessa bókun og hafi svarað henni munnlega með því, að Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva væri ekki í þeirra samtökum, og gætu þeir því ekki samið við félagin um þau mál. Málið hafi þar með fallið niður vegna aðildarskorts.

Samkvæmt yfirlýsingu formanns Verkamannasambands Íslands, Guðmundar J. Guðmundssonar, hafi hvorki Verkamannasamband Íslands né aðildarfélög þess gert kjarasamning um kaup og kjör verkamanna við vinnu í fiskeldisstöðvum.

Þar sem engir samningar hafi verið til um þessi störf og þau talin það ólík því, sem Verkamannasamband Íslands var að semja um á Akureyri, hafi formanni stefnda, Jóni Kjartanssyni, verið falið að skrifa Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva bréf um kjaramálin, dags. 7/4 1988. Þar sé minnt á umrædda bókun og óskað eftir viðræðum um kjarasamning.

Formaður launanefndar Landssambandsins hafi svarað með bréfi, dags. 27/4 1988, þar sem því sé lýst yfir, að gagnaöflun fari fram og að launanefndin sé reiðubúin að hefja viðræður við fulltrúa þeirra stéttarfélaga, sem skrifuðu undir bókunina, strax og nægar upplýsingar liggja fyrir um starfsemina.

Síðara hluta málmánaðar hafi Páll Gústafsson, stjórnarformaður LFH og forstjóri ÍSNO h/f, haft nokkurn veginn sömu viðbárur fram að færa gagnvart stefnda um, að beðið væri eftir upplýsingum. Um mánaðamótin maí/júní 1988 hafi málsaðilar enn rætt saman, og óskaði þá Páll Gústafsson eftir bráðabirgðasamkomulagi við stefnda Verkalyðsfélag Vestmannaeyja. Viðræður fóru fram um miðjan júní sl., og í framhaldi af þeim og í samráði við starfsmenn ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum voru samin drög að samningi og þau send Páli Gústafssyni hinn 29. júní sl. Voru drögin mjög í anda þeirra viðræðna, sem átt höfðu sér stað, nema starfsmenn höfðu gert kröfu um 15% sjókvíaálag, sem réttlætist af því að meginhluti vinnunnar fer fram úti á sjó og er því bæði erfiðari og áhættusamari.

Í byrjun janúar sl. hafði ekkert gerst í málum fiskeldismanna. Þeir sneru sér þá enn til stefnda og óskuðu eftir fundi, enda hafði stefnandi þá ekki staðið við nema hluta af því munnlega samkomulagi, sem hann gerði við starfsmenn sína.

Framkvæmdastjóra ÍSNO h/f var sent bréf hinn 5. janúar sl. og hann hvattur til að hefja samningaviðræður við félagið hið fyrsta. Lítil viðbrögð urðu fyrst í stað, en í lok mánaðarins var haft samband við stefnda og félaginu tjáð, að væntanlega færu samningaviðræður af stað mjög fljótlega.

Eftir það kom Vinnuveitendasamband Íslands skyndilega inn í málið og sennilega fyrir þá sök, að þá fyrst gekk ÍSNO h/f í þau samtök.

Þann 14. febrúar sl. voru mættir til viðræðna við samninganefnd verkamanna hjá ÍSNO h/f þeir Páll Gústafsson f.h. ÍSNO h/f, Arnar Sigurmundsson f.h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja og Bolli Árnason, starfsmaður VSÍ. Viðræðurnar fóru fram dagana 14.-16. febrúar, og var tilboði ÍSNO h/f hafnað, þar sem það fól í sér kauplækkun og aukinn vinnutíma að áliti stefndu.

Drög að samkomulagi þessu eru lögð fram í málinu.

Eftir það hafa farið fram viðræður dagana 22. og 28. febrúar og 1. og 2. mars, en þær hafa engan árangur borið.

Hvergi hefur því verið borið við hjá viðsemjendum stefnda í þessum samningaumleitunum, að til væru samningar, sem næðu yfir þessi störf, enda eru engin hliðstæð störf til hjá Verkamanna-sambandi Íslands, a.m.k. ekki er varða sjókvíaldi.

Málsrök stefnda.

Stefndi mótmælir því harðlega og styður það ýmsum gögnum í málinu, að til séu nokkrir kjarasamningar um kaup og kjör verkamanna við vinnu í fiskeldisstöðvum. Stefnandi, Vinnuveitendasamband Íslands, hefur hvorki haft umboð né verið aðili að þeim kjaraviðræðum, sem farið hafa fram á sl. ári um þetta málefni. Það er skyndilega í febrúar sl., að Vinnuveitendasambandið hefur umboð og tekur þátt í samningaviðræðum. VSÍ hafnaði viðræðum um þessi málefni vegna umboðsskorts í mars á sl. ári. Kröfum var því beint að Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, sem ekki eru innan VSÍ, þar sem Alþýðusambandið er einnig inni í myndinni gagnvart Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Fyrstu drög að kjarasamningi milli aðila eru milli ÍSNO h/f annars vegar og

stefnda Verkalýðsfélags Vestmannaeyja án aðildar VSÍ. Eftir að VSÍ fékk samningsumboð í ársbyrjun 1989, hófust samningaviðræður í febrúar, eins og áður segir, en ekki fékkst niðurstaða í því máli, og þess vegna er verkfall þetta boðað.

Aðalkjarasamningur málsaðila frá maí á s.l. ári tekur hvorki með beinum eða óbeinum hætti til þessa starfssviðs. Málefnið hefur aldrei verið til umræðu milli aðila vegna aðildarskorts stefnanda að sögn.

Framanritað er að mestu leyti staðfest af stefnanda í stefnu. Þar er viðurkennt, að stefnandi hafi orðið við beiðni um samningaviðræður hinn 5. janúar 1989. Stefnandi hafi lengi haft áhuga á að taka upp í aðalkjarasamning sinn við VMSÍ ákvæði um þessi málefni, þar sem sérstök ákvæði um þessi störf séu ekki í samningi þess við Verkamannasamband Íslands og því gildi almenn ákvæði kjarasamnings aðila um vinnutíma og önnur kjör verkamanna við laxeldis- og hafbeitarstöðvar. Þessi almennu ákvæði kjarasamningsins henti ekki því vinnufyrirkomulagi, sem tíðkast í fiskeldi.

Stefndi tekur undir þetta sjónarmið, en vísar eindregið á bug, að hinn almenni kjarasamningur málsaðila hafi gilt eða gildi um þessi atriði að einu eða neinu leyti. Til grundvallar ráðningu þessara starfsmanna hefur hingað til gilt sérstakur munnlegur samningur um vinnufyrirkomulag og laun, sem á sér enga hliðstæðu í aðalkjarasamningi að öðru leyti en því, að yfirvinnutaxtar taka mið af yfirvinnutöxtum tækjastjórnenda í kjarasamningi stefnda.

Samkvæmt 14. gr. 1. nr. 80/1938 hafa stéttarfélög heimild til að beita verkföllum til að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett eru í lög. Ein þessi lögbundna takmörkun er í 1. tl. 17. gr. sl., en skv. henni er óheimilt að hefja vinnustöðvun, ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.

Í 44. gr. s.l., 2. tl., er það hlutverk Félagsdóms að dæma í málum, sem rísa út af kærur um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

Með framangreindum lagatiltvitnunum er fengin hin svokallaða friðarskylda, þ.e., að aðilum kjarasamnings er óheimilt að beita vinnustöðvun vegna ágreinings um brot á vinnusamningi eða vegna túlkunar á honum og um gildi hans. Hér er hvorki á ferðinni deila

um innihald eða gildi aðalkjarasamnings málsaðila. Hins vegar verður að telja fullsannað, að hann tekur ekki til starfa við fiskeldisstöðvar, hvorki að formi né efni til. Það var hvorki vilji né ætlun aðila í mars á sl. ári að semja um þessi málefni, og er því ósamið um þau að öllu leyti. Þar með hefur stefndi fullan rétt til að boða verkfall þetta skv. meginreglu 14. gr. 1. nr. 80/1938, og skiptir þá engu máli, hvort grein 1.14. í aðalkjarasamningi fyrirskipar samningaviðræður aðila vegna nýrra starfsgreina. Sú samningsgrein getur ekki takmarkað verkfallsréttinn skv. vinnulöggjöfinni, nema samið sé um það sérstaklega og berum orðum. Án verkfallsréttar er gr. 1.14. í aðalkjarasamningi marklaus.

III.

Á milli málsaðila er í gildi kjarasamningur frá 10. maí 1988, og eru þeir einnig aðilar að aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Báðir samningar þessir gilda til 10. apríl 1989. Lítur rétturinn svo á, að kjarasamningar þessir taki til þeirra starfa við fiskeldi, er unnin eru hjá ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum. Verkfall það, sem stefndi Verkalýðsfélag Vestmannaeyja boðaði þann 2. mars sl. og hefjast skyldi á miðnætti þann 10. mars nk., er brot á kjarasamningum þessum og II. kafla laga nr. 80/1938. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina.

Samkvæmt framansögðu þykir rétt að dæma stefnda Verkalýðsfélag Vestmannaeyja til greiðslu sektar, að fjárhæð kr. 25.000,00, er renni í ríkissjóð.

Stefndi greiði stefnanda kr. 30.000,00 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Verkfallsboðun sú, sem tilkynnt var ÍSNO h/f í Vestmannaeyjum og Vinnuveitendasambandi Íslands af Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja þann 2. mars 1989, er brot á lögum nr. 80/1938 og kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestmannaeyja við Vinnuveitendasamband Íslands frá 10. maí 1988 og aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

Verkalýðsfélag Vestmannaeyja greiði kr. 25.000,00 í sekt til ríkissjóðs.

Verkalýðsfélag Vestmannaeyja greiði stefnanda kr. 30.000,00 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Björns Helgasonar.

Samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel ekki efni til að dæma varnaraðila til greiðslu sektar, og tel, að málskostnaður eigi að falla niður.

S é r a t k v æ ð i
Jóns Þorsteinssonar.

Eftirfarandi atriði ráða úrslitum í máli þessu:

- a. Störf við fiskeldi, að því er varðar vinnutíma, vinnuáðstöðu og vinnuframlag, eru mjög frábrugðin almennum verkamanna-störfum og hafa í reynd verið launuð með allt öðrum hætti.
- b. Hinn almenni kjarasamningur milli Verkalýðsfélags Vestmannaeyja og Vinnuveitendasambands Íslands frá 10. maí 1988, sem enn er í gildi, grundvallast á kjarasamningi, gerðum á Akureyri 25. mars 1988, milli ýmissa verkalýðsfélaga innan Verkamannasambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands hins vegar. Í þessum samningum er enga skilgreiningu að finna á almennri verkamannavinnu. Í þeim efnum er byggt á langvarandi venju, sem skapast hefur í samskiptum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Útilokað er að skilja almenna kjarasamninga verkamannafélaga við vinnuveitendur á svo víðtækan hátt, að launataxtar fyrir almenna verkamannavinnu gildi sjálfkrafa um hvers konar ófaglærð störf, sem innt eru af hendi hjá þeim atvinnufyrirtækjum, sem ganga í Vinnuveitendasambandið á samningstímanum.
- c. Við samningsgerðina á Akureyri í marsmánuði 1988 kom glögglega fram, að verkalýðsfélögin vildu semja um kaup fyrir vinnu við fiskeldi. Vinnuveitendasambandið hafnaði þessum tilmælum á þeirri forsendu, að fiskeldisstöðvar stæðu þá almennt utan sambandsins, og var sú synjun eðlileg. Þegar af þessum ástæðum kemur ekki til mála, að almenni kjarasamningurinn geti gilt um störf fiskeldismanna.
- d. Þegar ÍSNO h/f gekk í Vinnuveitendasambandið um miðjan janúar 1989, tók sambandið að sér að semja við Verkalýðsfélag

Vestmannaeyja um kaup og kjör starfsmanna við fiskeldi og lagði fram tillögu að kjarasamningi um það efni, sem fól í sér kjarabætur miðað við almenn verkamannakjör. Þetta kjarabóta-boð var á þeim tíma andstætt landslögum, ef kjör fiskeldis-manna voru bundin í hinum almenna kjarasamningi, sem gilda átti til 10. apríl 1989. Framkoma Vinnuveitendasambandsins í samningaviðræðunum, allt þar til verkfall var boðað, verður ekki skilin öðruvísi en að sambandið hafi litið svo á, að ósamið væri um kjör starfsmanna við fiskeldi.

- e. Samkvæmt grein 1.14 í aðalkjarasamningi Verkamannasam-bands Íslands, grundvölluðum á samkomulagi, gerðu 24. maí 1988, var Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja heimilt að gera kröfu til Vinnuveitendasambandsins um viðræður um sérstakan samn-ing varðandi nýjar starfsgreinar, þar á meðal fiskeldi, og fylgja þeirri kröfu eftir með verkfalli.

Allar framangreindar röksemdir hníga að þeirri niðurstöðu, að lögmæti verkfallsins verði ekki dregið í efa, að sýkna beri Verka-lýðsfélag Vestmannaeyja af öllum kröfum stefnanda og að dæma beri stefnanda til að borga félaginu hæfilegan málskostnað, kr. 55.000,00.
